

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um lokun fangelsisins á Akureyri og fangelsismál.

Frá Loga Einarssyni.

1. Telur ráðherra að lokun fangelsisins á Akureyri árið 2020 hafi verið farsæl ákvörðun?
2. Telur ráðherra að lokun fangelsisins samrýmist markmiðum stjórnvalda um jöfn búsetuskilyrði?
3. Telur ráðherra koma til greina að opna á ný fangelsið á Akureyri og jafnvel að fjölga fangelsum víðar um land?
4. Hver er árlegur kostnaður ríkissjóðs af því að flytja gæsluvarðhaldsfanga frá heimabyggð í gæsluvarðhaldsfangelsi á Hólmsheiði og Litla-Hrauni?
5. Hvernig er aðstoð háttáð við einstaklinga sem látnir eru lausir úr gæsluvarðhaldi en búsettir eru fjarri gæsluvarðhaldsfangelsinu? Greiða fangelsismálayfirvöld ferðakostnað þessara einstaklinga?
6. Fá börn fanga sem búsett eru í öðrum landshluta en þar sem fangar eru vistaðir fjárhagsstyrk til að heimsækja foreldra sína í fangelsi? Hefur tíðni heimsóknna fyrrgreindra barna verið skoðuð og gerður samanburður við tíðni heimsóknna barna sem búsett eru á Suðurlandi eða suðvesturhorni landsins?

Munnlegt svar óskast.